



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150REYKJAVÍK

*Alþingi
Erindi nr. D/130/2323
komudagur 29.4.2004*

SA/

Rvk. 29. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997.

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp ríkisstjórnarinnar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 881. mál. Í frumvarpinu er lagt til að eiginfjárstaða sjóðsins verði bætt með því að eignir ríkisins í Framtakssjóði renni í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs þegar þær verði leystar upp í stað þess að renna í ríkissjóð eins og núverandi lög kveða á um.

Markmið frumvarpsins er að efla sjóðinn og gera honum kleift að sinna áfram hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki.

Samtök atvinnulífsins styðja frumvarpið enda afar mikilvægt að Nýsköpunarsjóður hafi bolmagn til að styðja við frumkvæði þeirra sem vilja hrinda af stað atvinnurekstri, ekki síst í ljósi þess að fjölbreyttari atvinnustafsemi eykur almennt möguleika atvinnulífsins til að vaxa.

Samtök atvinnulífsins vilja minna á sérstöðu þessa sjóðs vegna tilurðar hans og þess forræðis sem atvinnulífinu ber að hafa um málefni hans.

Samtök atvinnulífsins vilja jafnframt taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka iðnaðarins varðandi frekari breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, þ.e. heimildir til þess að taka víkjandi lán til lengri tíma og breytingar varðandi sjálfstæði stjórnar sjóðsins.

Vilborg H. Júlíusdóttir